

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

8. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 12. okt. 1993.

Fundur hófst kl. 13:20.

Formaður L.H. Guðmundur Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirtaldir stjórnarmenn voru mættir:

Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Kolbrún Kristjánsdóttir, Marteinn Valdimarsson og framkvæmdastjóri L.H. Sigurður Pórhallsson.

1. Undirbúningur 44. ársþings (framhald).

Formaður greindi frá því að allur undirbúningur á þingstaðnum Varmahlíð í Skagafirði gengi vel. Þá hefur skrifstofa L.H. undanfarið unnið að undirbúningi vegna þinghaldsins varðandi ýmiss mál.

2. Fjárhagsáætlun stjórnar L.H. fyrir árið 1994.

Lögð var fram fjárhagsáætlun Landssambandsins fyrir árið 1994 til umræðu. Áætlunin var rædd nokkuð ýtarlega. Í áætluninni kemur fram að heildarvelta sambandsins er rúmlega 7.000.000 króna, sem er svipuð upphæð og reksturinn er á árinu 1993. Í tengslum við áætlunina kynnti formaður bréf stjórnar L.H. til fjárlaganefndar Alþingis, en þar er sett fram ósk um styrk til starfsemi Landssambandsins að upphæð kr. 3.000.000.

Stjórnin samþykkti fjárhagsáætlunina eins og hún liggur fyrir samhljóða. Í lok umræðunnar var rætt töluvert um skrifstofureksturinn og m.a. þátttöku HÍS í rekstrinum. Kom fram hjá sumum stjórnarmönnum veruleg óánægja með hve hlutur HÍS er lítill í rekstrinum eins og mál standa nú.

3. Tillaga að lagabreytingu.

Stjórn L.H. leggur til að 44. þing L.H. geri breytingu á lögum sambandsins er varða fjölda þingfulltrúa á landsþingum. Tillagan felur í sér fækkun þingfulltrúa frá því, sem nú er, um það bil 20. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá tillögu stjórnar í málinu þar sem einn þingfulltrúi verður fyrir hvert byrjað hundrað félagsmanna.

4. Tillögur félaganna til L.H. þings.

Stjórnin kynnti sér allar þær tillögur sem borist höfðu til skrifstofunnar frá aðildarfélögum L.H.

5. Tillaga stjórnar að lagabreytingu.

Stjórnin leggur til breytingu á 13. grein er varðar atkvæðagreiðslur við lagabreytingar. Í lögunum (13. grein) stendur:

Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætu ársþingi og þarf 2/3 atkvæða mættra þingfulltrúa til þess að breytingin sé lögmæt.

Í staðinn komi:

Lögum þessum má aðeins breyta á lögmætu ársþingi og þarf 2/3 greiddra atkvæða þingfulltrúa....

6. Mótun starfa og skipulag ársþings.

Starfandi nefndir þingsins eru:

Fjárhagsnefnd, fræðslu- og útgáfuneftnd, keppnisnefnd, kynbótaneftnd, allsherjarnefnd, laganefnd, æskulýðsnefnd, ferða- og umhverfisnefnd.

Eftirtalda formenn nefnda tilnefndi stjórnin á fundinum:

Í kjörbréfanefnd: Birgir Rafn Gunnarsson formaður.
Elísabet Þ. Þórólfsdóttir
Sigrún Sigurðardóttir

Í fjárhagsnefnd:

Jón Ólafur Sigfússon formaður.

Í fræðslu- og útgáfun.

Haraldur Þórarinsson formaður.

Í keppnisnefnd:

Eyjólfur Ísólfsson formaður.

Í kynbótaneftnd:

Ingimar Sveinsson formaður.

Í allsherjarnefnd:

Marteinn Valdimarsson formaður.

Í laganefnd:

Arngrímur Geirsson formaður.

Í æskulýðsnefnd:

Kolbrún Kristjánsdóttir formaður.

Í ferða- og umhverfisn:

Árman Gunnarsson formaður.

Fundurinn felur formanni og framkvæmdastjóra að finna lykilmenn í fundarritun þingsins. Rætt var um gestalista þingsins og farið yfir hverjum boðið verður.

Rætt var um hverjir kæmu til greina, sem framsögumenn varðandi þema þingsins "Félagsleg staða hestamanna".

Fundurinn var sammála um að þeir yrðu þrír og framkvæmdastjóra, Sigfúsi og Guðmundi falið að tala við þá aðila, sem stjórnarmenn bentu á. Æskilegur ræðutími hvers ræðumanns verði u.p.b. 20 mínútur.

Stjórnin varð sammála um að veita tveimur mönnum gullmerki L.H. Þeir eru Egill Bjarnason og Guðmundur Ólafsson.

7. Hesturinn okkar.

Formaður hóf umræðu um útgáfu blaðsins. Eins og kunnugt er rennur samningur L.H. og Gunnars Gunnarssonar út um áramótin n.k.

Stjórnin hefur fullan hug á að blaðið verði gefið út á vegum L.H. strax á næsta ári. Gerð verður grein fyrir stöðu blaðsins á komandi landsþingi nú í lok október. Ljóst er að ráða verður ritstjóra strax í byrjun næsta árs og finna blaðinu samastað o.s.frv.

Reglugerð fyrir útgáfu Hestsins okkar var gerð og samþykkt af stjórn L.H. 25.02.1987.

8. Landverndarþing.

Sigurður greindi frá Landverndarþingi í Vestmannaeyjum. Þá greindi hann frá

því að þing Náttúruverndarráðs verður haldið 29. og 30. okt. Lagt er til að á fundinn fari Árni Waag og Einar Bollason til vara.

9. Þingstaður 1994.

Ákveðið að Sigurður athugi möguleika í þessum eftirnum að höfðu samráði við stjórnarmenn.

10. Landsmót 1994.

Sigfús ræddi um undirbúning landsmóts. Framkvæmdastjóri verður Fannar Jónasson. Einnig ræddi hann um aðgangseyri, félagsmenn á bak við hvern hest í keppni þ.e. 125. Þá ræddi hann um kvíkmyndun mótsins, en L.H. ber að sjá um slíkt eða fela einhverjum aðila þetta.

Sigfús mun koma því á framfæri við framkvæmdanefnd, að stjórn L.H. muni annast að finna aðila til að kvíkmynda mótið.

11. Dómaramál.

Guðbrandur ræddi um dómaramál frá því í sumar. Tóku fundarmenn undir það að þeim sem um ræðir yrði skrifað og sér Sigurður um það. Þar var rætt um það að stjórn áréttuði um áramótin að farið sé eftir reglum á næsta ári.

Fundi slitið kl. 19:30

Guðmundur Jónsson
Guðbrandur Kjartansson
Kolbrún Kristjánsdóttir
Jón Bergsson

Halldór Gunnarsson
Sigbjörn Björnsson
Sigurgeir Bárðarson
Marteinn Valdimarsson
Sigfús Guðmundsson